

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1532**2022/EES/10/75**

frá 17. september 2021

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar færslu 3-(1-((3,5-dímetylísoxasól-4-ýl)metýl)-1H-pýrasól-4-ýl)-1-(3-hýdroxýbensýl)ímídasólídín-2,4-díóns á skrá Sambandsins yfir bragðefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 ⁽³⁾ var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.
- 3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.
- 4) Hinn 10. ágúst 2012 barst framkvæmdastjórninni umsókn um leyfi fyrir notkun á 3-(1-((3,5-dímetylísoxasól-4-ýl)metýl)-1H-pýrasól-4-ýl)-1-(3-hýdroxýbensýl)ímídasólídín-2,4-díóni (FL nr. 16.127) sem bragðefni í ýmis matvæli sem falla í meginatriðum undir nokkra af þeim matvælaflokkum sem um getur í skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni. Framkvæmdastjórnin tilkynnti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um umsóknina og óskaði eftir álitum hennar. Framkvæmdastjórnin gerði umsóknina einnig aðgengilega fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 5) Í álitum sínu, sem var samþykkt 21. júní 2016 ⁽⁴⁾, lagði Matvælaöryggisstofnunin mat á öryggi efnisins FL nr. 16.127 og komst að þeirri niðurstöðu að notkun þess hafi ekki öryggisvanda í för með sér ef hún er takmörkuð við þau gildi sem tilgreind eru fyrir ýmis matvæli í mismunandi matvælaflokkum. Matvælaöryggisstofnunin tók einnig fram að þetta er efni með bragðbreytandi eiginleika.
- 6) Þar eð notkun efnisins FL nr. 16.127 sem bragðefnis hefur ekki öryggisvanda í för með sér með tilgreindum skilyrðum fyrir notkun og ekki er búist við að þetta villi um fyrir neytendum þykir rétt að leyfa slíka notkun í ljósi álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 7) Því ætti að breyta A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 330, 20.9.2021, bls. 69. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 329/2021 frá 10. desember 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

(2) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtið. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

(4) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(7), 4334.

- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. september 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í töflu 1 í 2. þætti A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er eftirfarandi færslu um FL nr. 16.127 bætt við á eftir færslu 16.126:

„16.127	3-(1-((3,5-dímetylísoxasól-4-ýl)metyl)-1 <i>H</i> -pýrasól-4-ýl)-1-(3-hýdroxýbensýl)imídasólídín-2,4-díón	1119831-25-2	2161		A.m.k. 99%, greining (HPLC/UV)	<p>Takmarkanir á notkun sem bragðefni:</p> <p>Í flokki 1.4 – hámark 4 mg/kg</p> <p>Í flokki 1.8 – hámark 8 mg/kg</p> <p>Í flokki 3 – hámark 4 mg/kg</p> <p>Í flokki 5.1. – hámark 15 mg/kg</p> <p>Í flokki 5.2. – hámark 16 mg/kg</p> <p>Í flokki 5.3. – hámark 30 mg/kg</p> <p>Í flokki 5,4 – hámark 15 mg/kg</p> <p>Í flokki 6.3. – hámark 25 mg/kg</p> <p>Í flokki 12.1. – hámark 75 mg/kg</p> <p>Í flokki 12.2. – hámark 100 mg/kg</p> <p>Í flokki 12.3. – hámark 25 mg/kg</p> <p>Í flokki 12.4. – hámark 25 mg/kg</p> <p>Í flokki 12.5. – hámark 4 mg/kg</p> <p>Í flokki 13.2. – hámark 4 mg/kg</p> <p>Í flokki 13.3 – hámark 4 mg/kg</p> <p>Í flokki 14.1.4 – hámark 4 mg/kg (eingöngu fyrir drykki, að stofni til úr mjólkurvörum)</p> <p>Í flokki 14.1. 5. – hámark 8 mg/kg</p> <p>Í flokki 15.1. – hámark 20 mg/kg</p> <p>Í flokki 16 – hámark 4 mg/kg (eingöngu fyrir eftirrétti, að stofni til úr mjólk)</p>		EFSA“
---------	-----------------------------------------------------------------------------------------------------------	--------------	------	--	--------------------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--	-------